

Íbúaráð Breiðholts 6. nóvember 2024: Ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um þakkir vegna lagfæringa á gönguleið milli Seljaskóla og Vinasels MSS24110035

Íbúaráð Breiðholts þakkar fyrir lagfæringar og endurbætur á gönguleið milli Seljaskóla og frístundaheimilisins Vinasels við Kleifarsel, sem liggur einnig að smíðastofum skólans. Gönguleiðin var um árabil óboðleg nemendum og starfsmönnum skólans enda var ekki um eiginlega gangstétt að ræða heldur siginn og ójafnan malartroðning. MSS24110035